

Út af endurskoðunarathugasemdunum nr. 11 og 12 og úrskurðunum á þeim athugasemdum vil jeg leiða athygli bæjarstjórnarinnar að því, að óskilegt væri, að áætlunin væri þannig samín, að eigi verði nauðsynlegt að fara fram úr henni nema fyrir einhver sjerstakleg atvik, en naumast verður sagt, að því sje að skipta að því er snertir þennan reikning, þar sem, eptir því sem segir í athugasemdunum, hefir verið farið fram úr áætlun í 14 útgjaldaliðum, alls um 3689 kr. 69 a., eða um meir en 17 af hundraði af öllum útgjöldunum í áætluninni samantöldum, sem voru 21124 kr. 14 a. Raunar hefir bæjarstjórnin úrskurðað þessar fjárreiður fram yfir áætlunina samkvæmt 29. grein tilskipunarinnar, og eru þær þannig heimilaðar að því er snertir þennan reikning; en að því er snertir sumt af því, sem endurskoðunarmennirnir hafa bent á, að galdið hafi verið út umfram áætlun, og sem ekki við kemur eingöngu «kalkulatoriskum» kostnaði, þá mundi eptir minni skoðun hafa verið samkvæmara orðum og anda bæjarstjórnarlaganna, að útvega samþykki bæjarstjórnarinnar til þessara útgjalda fram yfir áætlunina, á þann hátt, sem fyrir er mælt í 18. grein tilskipunarinnar, áður en fjeð var greitt úr bæjarsjóði, heldur en að fresta því þangað til reikningurinn samkvæmt 29. gr. var lagður fyrir bæjarstjórnina til úrskurðar, sem sumir bæjarfulltrúar hafa eigi mátt taka þátt í sakir þess, að þeir hafa verið svo viðriðnir útgjöld þau, er um var að teffa.

31

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um styrk handa barnaskólum.*
— Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi frá 9. þ. m. hefi meðtekið álit stiptysfirvaldanna um bónarbrjef þau frá stjórnendum barnaskólanna á Eyrarbakka og á Vatsleysuströnd, er hingað höfðu borizt, um styrk af fje því, er veitt er í 13. gr. C. 6. í fjárlögum 19. oktbr. f. á., og um eptirlit það frá hálfu valdstjórnarinnar, er hafa ber með slíkum skólum, þegar þeim er veittur styrkur úr landssjóði, læt jeg stiptysfirvöldunum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg hef veitt barnaskólum þessum sinn 200 króna styrkinn hvorum um árið 1878, og eru stiptysfirvöldin beðin að afhenda hlutaðeigendum hjálagðar ávísanir fyrir fje þessu.

32
12. marz.

Auk þess er hjer með sett það skilyrði fyrir því, að barnaskólum þeim, er getur um í 13. gr. C. 6 í fjárlögnum, verði veittur styrkur af áminnztu fje eptirleiðis, að stjórnendur skólans sendi stiptysfirvöldunum eptirrit af reglugjörð hans, og í lok hvers skólaárs skýrslu um hagi skólans hið umliðna ár, um það, hvernig kennslunni hefir verið hagað, hvað mörg börn hafi gengið í skólann, um próf þau, er haldin hafa verið í skólanum og tilhöggun á þeim, og enn fremur um efnahag skólans, tekjur hans og gjöld; og eiga skýrslur þessar að vera svo greinilegar, að sjeð verði, að hve miklu leyti skólinn þarf styrks úr landssjóði og verðskuldar hann.

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um kirkju-vísitaziúlaun*
prófasta. — Stiptysfirvöldin hafa með heiðruðu brjefi dags. 9. þ. m. lagt undir minn úrskurð fyrirspurn frá prófastinum í Snæfellsnessýslu um það, hvort honum beri eigi 20 álnir í vísitaziúlaun í hvert skipti af Ingjaldshólskirkju, sem er eign landssjóðsins, hvort sem kirkja þessi hefir 12 rd. (24 kr.) eða meira umfram nauðsynlegan tilkostnað á ári, og læt jeg stiptysfirvöldunum hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að reglan um vísitaziúlaun prófasta í 5. gr. tilskipunar 27. jan. 1847 um tekjur presta og kirkna tekur yfir allar kirkjur landsins, hvort sem þær eru eign landssjóðsins eða eigi.

33
15. marz.